GRINDAVÍKURBÆR

Húsakönnun

Gamli bærinn í Grindavík

Janúar 2015

Myndin sýnir Gindavíkurbæ 1958

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ 2

1 INNGANGUR 3

2 SAMANTEKT Á BYGGÐASÖGU GRINDAVÍKUR 6

3 VARÐVEISLUMAT 16

HEIMILDIR 23

VIÐAUKI I

VIÐAUKI II

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hluti gamla bæjarins. 4

Mynd 2. Afmörkun skipulagssvæðisins og húsakönnunar gamla bæjarins í Grindavík. Loftmynd: Samsýn. 5

Mynd 3. Grindavíkurbær 2006. 6

Mynd 4. Grindavík 1958. 9

Mynd 5. Útgerð í Grindavík. Ljósmynd: Einar Tönserg (Ljósmyndasafn Grindavíkur). 10

Mynd 6. Vorhús í Grindavík. Eftir flóðið mikla 1925 var bærinn rifinn og nýtt hús reist. 11

Mynd 7. Heyskapur á túnum Gjáhúsa og Krosshús um 1930. Mynd: Sædís Eygló G. Hansen. 12

Mynd 8. Járngerðarstaðahverfi um 1963. 13

Mynd 9. Uppdráttur af Grindavík árið 1946. 15

1 INNGANGUR

Fyrirhugað er að deiliskipuleggja elsta hluta Grindavíkurbæjar. Svæðið sem um ræðir er elsti hluti bæjarins og sérstakur að því leiti að þar mætir þéttbýlið dreifbýlinu enda var lengi algengast að heimili í bænum héldu húsdýr og þurftu þá að geta haft útihús og heyjað í nágrenninu. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 (37. gr. 5. mgr.) skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Tilgangur byggða- og húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt nú og síðar. Könnunin tekur til núverandi aðstæðna en litið er til baka til að útskýra þær.

Á grundvelli húsakönnunarinnar verður mótuð stefna um vernd sérstakra gæða byggðarforms og bygginga og verður deiliskipulagið unnið með tilliti til þessa.

Húsakönnunin er unnin skv. leiðbeiningum Minjastofnunar með það að markmiði að útfæra nánar og staðfesta verndun sveitarfélags á einstökum svæðum, heildum, götumyndum og húsum vegna umhverfislegs, menningarsögulegs og/eða byggingarlistarlegs gildis þeirra.

Skráning könnunarinnar og samantekt á sögu byggðar í Grindavík er unnin af Brynju Dögg Ingólfsdóttur á umhverfissviði EFLU verkfræðistofu, Sjöfn Ýr Hjartardóttur meistaranema í skipulagsfræðum og Sigurði Ágústssyni fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjóni í Grindavík. Flett var upp í opinberum gögnum um húsin og útgefnum heimildum og leitað til þeirra Grindvíkinga sem enn muna söguna vel og þekkja húsin til að fá sem heildstæðasta mynd af sögu húsanna. Við gögnunum tók svo Hjörleifur Stefánsson arkitekt sem vann varðveislumat og bætti við söguna.

Í húsakönnuninni eru skráð öll hús innan þess svæðis sem verður deiliskipulagt sbr. Skipulagslýsingu fyrir gamla bæinn í Grindavík.

Sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð fá Minjafélag Grindavíkur og þeir Grindvíkingar sem aðstoðuðu við vinnsluna með því að að miðla fróðleik og aðstoða við leit af myndum af húsunum eins og þau voru.

Mynd 1. Hluti gamla bæjarins.

Svæðið

Húsakönnunin nær til elsta hluta þéttbýlisbyggðar í Grindavík sbr. afmörkun á mynd.

Dalbraut 1,3,5 og 7,
Hafnargata 2 og 4,
Hellubraut 1,2,3,4,6 og 8,
Kirkjustígur 1,3,5 og 7,
Sunnubraut 1,2,3,4,5,6,7 og 8,
Vesturbraut 1,2,3,4,6,8,8A,10,12,14,15,16 og 17,
Við Verbraut: Vík, Garður og Hlið,
Víkurbraut
1,2,3,5,7,8,9,9A,10,11,12,13,14,14A,15,17,18,19,20,20A,
21,21A,22,23,24,26,28, Akur, Bjarg, Steinar og Lundur.

Að auki kirkjan, Sjólyst, Mánaborg, Hæðarendi, Byggðarendi, Hraungerði, Kreppa, gestahúsið Garðhús og fleiri hús.

Mynd 2. Afmörkun skipulagssvæðisins og húsakönnunar gamla bæjarins í Grindavík. Loftmynd: Samsýn.

2 Samantekt á byggðasögu Grindavíkur

Staðhættir

Land Grindavíkur er að mestu þakið hrauni sem runnið hefur eftir lok síðustu ísaldar. Hraunflákar skipta Byggðinni í þrennt og milli hraunanna eru gróin svæði þar sem byggðin hefur risið. Sjóndeildarhringur Grindvíkinga til norðurs einkennist af frekar lágum en svipmiklum fjöllum sem flest eru í landi sveitarfélagsins. Til suðurs er ströndin fyrir opnu úthafinu og er víðast hvar lág og lítið vogskorin. Nokkrar litlar víkur ganga inn í hana og eru Staðarvík, Járngerðarstaðarvík og Hraunsvík þeirra stærstar.

Mynd 3. Grindavíkurbær 2006.

Landnám og byggðaþróun

Í landnámabók er greint frá því að Molda-Gnúpur Hrólfsson hafi numið land í Grindavík og Þórir haustmyrkur Vígbjóðsson í Selvogi og Krýsuvík um árið 934. En Grindavíkurhreppur náði yfir tvær kirkjusóknir, Staðarsókn og Krýsuvíkursókn allt til ársins 1946. Synir Moldar-Gnúps settust að á þremur höfuðbólum sem hin 3 hverfi[1] Grindavíkur heita eftir. Austast er Þórkötlustaðahverfi, þá Járngerðarstaðarhverfi, þar sem megin byggðin er í dag, en Staðarhverfi heitir vestast. Þessi hverfi eru meðal þess sem einkenndi gerð og þróun byggðar í Grindavík fram á þessa öld. Lítið sem ekkert er vitað um byggð í Grindavík næstu þrjár aldir eftir landnám en gert er ráð fyrir því að hverfin þrjú hafi byrjað að myndast strax á 10. eða 11. öld. Líklegt verður að teljast að staðsetning hverfanna ráðist af samspili graslendis á þessum stöðum og því að aðstaða til sjósóknar hefur verið góð. Hverfin þrjú voru aldrei formlegar einingar heldur aðeins þrír hreppshlutar og á milli þeirra voru engin formleg mörk, heldur réðust þau af landamerkjum jarða. Um það bil þremur öldum eftir landnám (á 13. öld) hófst eldgosahrina sem almennt gengur undir nafninu Reykjaneseldar. Þessi umbrot ollu miklum landspjöllum í Grindavík. Rituð heimild frá því um aldamótin 1700 gefur til kynna að þau hafi jafnvel eytt vestasta hluta byggðarinnar sem þá var. Má reikna með að öskulagið hafi þakið alla sveitina, kæft gróður og valdið bændum miklum búsifjum.

Byggðin í hverfunum í Grindavík virðist hafa verið í svipuðu formi frá 13. öld og allt til upphafs 20. aldar. Byggð í hverfunum virðist hafa svipað mjög hver til annarrar og ekkert hverfi virðist hafa verið á nokkurn hátt fyrir hinum. Þó hefur Staður haft nokkra sérstöðu. Þar var kirkjustaður

[1] Hugtakið hverfi var notað yfir þéttbýli sem risu hvort sem er til sjávar eða sveita hér á landi og virðist hafa verið notað eins í Noregi. Orðið þorp var ekki notað hér yfir þéttbýli fyrr en mikið seinna.

og grafreitur Grindvíkinga og þar hafði verslun einnig þróast og því munu Grindvíkingar hafa átt tíðari erindi þangað en á aðra bæi í sveitinni.

Eftir Svarta dauða 1402 - 3 mun þungamiðja byggðar hafa færst nær sjónum og sjávarútvegur efldist. Grindavíkurhverfin munu þá hafa vaxið og byggðin aukist. Risu þar fjöldi verbúða.

Ekki er ljóst hvenær Grindavík varð verslunarstaður, en heimildir eru um aukna verslun þar á 15. öld og líklegt virðist að Skálholtsstóll hafi átt þar vörugeymslu- eða verslunarhús í lok aldarinnar.[2]

Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, var tekin saman árið 1703, voru allar jarðir í Grindavík, aðrar en Húsatóftir, í eigu Skálholtsstóls og voru það framundir aldamótin 1800, er biskupsstóll var lagður niður í Skálholti og stólsjarðirnar seldar. Húsatóftir voru konungseign, en höfðu verið eign Viðeyjarklausturs fyrir siðaskipti.

Á 15. öld og fyrri hluta þeirrar 16. stunduðu Englendingar og Hansakaupmenn verslun í Grindavík. Ekki voru samskipti þeirra þó friðsamleg og kom til átaka milli þeirra með mannavígum.[3] Þegar einokunarverslun Dana var komið á 1602 var Grindavík meðal þeirra 20 hafna sem gert var ráð fyrir að siglt yrði til árlega. Leyfi sem Hansakaupmenn höfðu til verslunar var úr gildi fallið. Íslandsversluninni var skipt milli þriggja borga, Kaupmannahafnar, Málmeyjar og Helsingjaeyrar. Í hlut Kaupmannahafnar komu Grindavík, Keflavík, Hafnarfjörður, Dýrafjörður, Ísafjörður og Hofsós. Þrátt fyrir þetta héldu Þjóðverjar áfram að versla á Íslandi á fyrstu áratugum 17. aldar og oft komu skip þeirra til Grindavíkur á þessu tímabili.

Ákvæði um árlega skipakomu á verslunarstaði voru oft hunsuð og einokunarverslunin var stopul framan af.

Á einokunartímanum risu ýmiss konar verslunarhús í Grindavík eins og öðrum verslunarstöðum, bæði úr timbri og torfi. Verslunarfélögin fluttu tilsniðin hús til landsins af nokkrum gerðum. Mörg voru gerð úr láréttum stokkum, önnur voru grindarhús, klædd lóðréttum borðum og um 1765 risu svokölluð bolhús á mörgum verslunarstaðanna. Fáein hús eru enn uppi standandi frá þessum tíma annars staðar á landinu. Flest eru þau í Neðstakaupstað á Ísafirði, en þar getur að líta hús af þeim þremur gerðum sé hér hafa verið nefndar.

Um miðja 18. öld var Grindavíkurhöfn talin ófær venjulegum hafskipum og beinar siglingar þangað höfðu fallið niður. Vörur sem ætlaðar voru Grindavíkurverslun voru fluttar að Básendum og þaðan voru þær fluttar á hestum og bátum til Grindavíkur. Grindavík varð eins konar úthöfn Básendaverslunar.

Við afnám einokunarverslunarinnar 1786 voru eignir hennar seldar og víðast bárust nokkur tilboð. Enginn sýndi þó verslunareignunum í Grindavík áhuga í fyrstu enda staðurinn ekki árennilegur til verslunarreksturs. Veturinn 1788 – 1789 keypti Árni Jónsson á Eyrarbakka þó verslunina í Grindavík, meðal annars fjögur hús í landi Húsaftófta. Verslunarrekstur hans gekk afar illa og lognaðist út af um 1796. Haustið 1802 var verslunarhúsið rifið og efni þess selt og árið 1806 höfðu öll verslunarhúsin verið seld og rifin. Verslun lá niðri í Grindavík fram undir lok aldarinnar. Um aldamótin 1900 sóttu Grindvíkingar verslun til Lefoliiverslunar á Eyrarbakka og Duusverslunar í Keflavík.

---

[2] Saga Grindavíkur I

[3] Einokunarverzlun Dana á Íslandi, 17 – 19 og víðar.

Einar G. Einarsson var fyrsti staðbundni kaupmaðurinn en hann hóf verslun í Grindavík árið 1897. Verslun hans dafnaði vel og að sama skapi dró úr umsvifum Eyrarbakka- og Keflavíkurverslana. Árið 1902 var stofnsettur þar löggildur verslunarstaður á ný en í þetta sinn var hann við Járngerðarstaðarvík.[4] Árið 1932 tók til starfa önnur verslun á staðnum undir nafninu Gimli og upp úr 1940 hóf Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis starfsemi í Grindavík en Kaupfélag Suðurnesja tók svo við rekstrinum og varð stærsta verslunarfyrirtækið á staðnum.

Frá fyrstu tíð hefur sjósókn verið stunduð í Grindavík ásamt landbúnaði og héldust þeir búskaparhættir fram á miðja 20. öld. Vægi landbúnaðar var mikið á fyrstu öldum byggðarinnar í svokölluðum landbýlahverfum. En þegar sjávarútvegur jókst á 14. öld byggðust svokölluð sæbýlahverfi í námunda við verstöðvar.

Á árunum 1840 og 1841 voru aðeins 7 aðalbýli í sókninni og 13 hjáleigur. Aðalbýlin voru þessi, talin vestan frá, Staður, Húsatóftir, Járngerðarstaðir, Hóp, Þórkötlustaðir, Hraun og Ísólfsskáli.

Byggð í Staðarhverfi var nokkuð stöðug á árunum 1801 - 1920 en lagðist svo alveg af fljótlega eftir 1920. Byggð í Þórkötlustaðahverfi og Járngerðarstaðahverfi var nokkuð jöfn fram til ársins 1910. Fólksfjöldi var svipaður en á fyrri hluta 20. aldarinnar dró þó nokkuð í sundur með hverfunum. Að lokum var svo komið að Þórkötlustaðahverfi var orðið nokkurs konar úthverfi við hlið meginbyggðarinnar.

Síðari heimsstyrjöld hafði mikil áhrif á byggðaþróun Grindavíkur. Fyrstu áhrif styrjaldarinnar voru að stórir markaðir lokuðust tímabundið árið 1939 en síðla sama árs tóku Bretar við nær allri vöru sem sett var á markað. Vinna tengd hersetuliðinu dró fólk frá fiskvinnslu svo tímabundin fækkun varð í Grindavík.

[4] Verzlunarsaga Íslands 1774 – 1807, s. 465 – 467.

Mynd 4. Grindavík 1958.

Fiskveiðar og útgerð

Fiskveiðar og fiskvinnsla hafa löngum verið aðaluppistaðan í atvinnu og lífsbjörg í Grindavík. Frá því Grindavík byggðist og fram á miðja 19. öld var ein og sama veiðiaðferð notuð, handfæri. Oftast var stutt róið, öldum saman á sömu miðin, út á víkurnar eða stutt út fyrir þær. Fyrstu grindvísku bátarnir hafa sjálfsagt verið mjög litlir. Jafnvel aðeins fyrir tvo til fjóra.. Skipin hafa verið smátt og smátt að stækka og talið er að um miðbik 14. aldar hafi tólfæringar verið mjög algengir í Grindavík. Strax á 15. öld sóttust erlendir menn mjög eftir fiski í Grindavík og lögðu útvegsmenn mikið kapp á að auka útgerð sína. Bændur í öðrum landshlutum sendu vinnumenn sína á vertíð í verið á Suður- og Vesturlandi, og hafa þá verið settar upp einhvers konar verbúðir. Um miðja 19. öld var fyrst komið með lóð (línu) til Grindavíkur. Línan var stutt í byrjun og stutt á milli öngla, um 100 önglar á streng og 5-6 strengir með áttæringum, en þær smálengdust, ár frá ári en í upphafi var ávallt beitt á sjó. Þessi aðferð tíðkaðist fram um síðustu aldamót. Þá er byrjað að nota net og um svipað leyti er hætt að beita línur á sjó.

Mynd 5. Útgerð í Grindavík. Ljósmynd: Einar Tönserg (Ljósmyndasafn Grindavíkur).

Árið 1924 hófst vélvæðing báta í Grindavík, nokkru seinna en annars staðar á landinu. Ástæða þess er líklega léleg hafnaraðstaða fyrir stærri báta miðað við önnur vogskornari landsvæði. Árið 1928 voru allir bátar sem gerðir voru út frá Grindavík orðnir vélbátar en þá þurfti enn að setja bátana á land eftir hvern róður, það var ekki fyrr en á 20. öld sem menn byrjuðu að nota spil til þess að draga báta á land. Fyrsta bryggjan í Grindvík var byggð í Járngerðarstaðahverfi, önnur var svo byggð í Þórkötlustaðahverfi árið 1930 og 1933 var bryggja byggð í Staðarhverfi. Árið 1939 var Ósinn grafinn og er með ólíkindum að það hafi tekist þar sem allt var grafið með handverkfærum. Dýpkun hafnarinnar árið 1949 markaði svo enn á ný tímamót í uppbyggingu staðarins. Í framhaldinu urðu miklar breytingar á atvinnuháttum þegar fyrirtæki um fiskvinnslu og útgerð voru stofnuð og voru hafnarframkvæmdir miklar á næstu árum og áratugum.

Landbúnaður

Eitt einkenni elsta hluta bæjarins er að húsin standa frekar strjált og eru túnskákir víða á milli en þetta helgast af því að svokallaður tómthúsbúskapur, sjósókn ásamt landbúnaði, tíðkaðist í Grindvík fram undir miðja 20. öld. Vægi landbúnaðar var mikið á fyrstu öldum byggðarinnar en hann hefur þó alla tíð verið erfiður í Grindavík, eldsumbrot með hraunrennsli og öskulagi hafa skert gróður og valdið búsifjum. Til að fóðra búpeninginn hafa bændur því þurft að grípa til fleiri ráða en heyskapar, einkum seljabúskapar á sumrin og fjörubeit og söfnun hríss og lyngs til að drýgja hey fyrir kýr. Sel eru þekkt víða í Grindavík og eru sum þeirra ævaforn. Núlifandi Grindvíkingar (fæddir upp úr 1940) muna enn vel eftir því að á hverju heimili voru hænur og kindur og sums staðar einnig kýr, en þeir sem héldu kýr seldu oft nágrönnum sínum hluta af mjólkinni. Heimilisfeðurnir voru flestir sjómenn. Enn í dag er fjárbúskapur í Grindavík þó það sé í mjög litlu mæli og eingöngu stundaður af tómstundabændum.

Mynd 6. Vorhús í Grindavík. Eftir flóðið mikla 1925 var bærinn rifinn og nýtt hús reist.

Járngerðarstaðahverfi

Járngerðarstaðir voru vettvangur Grindavíkurstríðsins 1532 og Tyrkjaránsins 1627 og vex þar blóðþyrnir er heiðið og kristið blóð blandaðist.

Árið 1703 voru "öngvar engjar" á Hópi. "Flæðihætt er fyrir sauð, og líka brýtur sjófargángur túnið, og er hætt við enn meira landbroti.“ Bærinn varð snemma eign Skálholtsstaðar, líkt og flestir útvegsbæir á suðurströnd Reykjanesskagans.[5]

Um Járngerðarstaði 1840 segir í Landnámi Ingólfs III[6] "eigi fagurt á Járngerðarstöðum, því þó þar ei sé ýkja illa húsað, þá stendur bærinn og allt hverfi þetta nema Krosshús niður í dæld eða dalverpi, og er þaðan hvergi víðsýnt. Þýfð hafa tún verið á Járngerðarstöðum, en eru mikið sléttuð í seinni tíð af bóndanum Þórði sál. Einarssyni og þar núverandi bónda sr. Einari Jónssyni. Hafa og nokkrir hjáleigubændurnir í seinni tíð þessa jarðarbót eftir þeim upp tekið. Bæði í túninu og utanhúss eru djúpar vatnsgjár, í hverjar sjór fellur að í og út; í sumum þeirra er oft veiddur áll, og mætti þó mikið meira veiða, ef atorka og rækt við höfð. Það hafa Járngerðarstaðir til landkosta fram yfir Stað og Húsatóptir og meiri en nokkurt annað býli í þessari sókn, að fyrst er þar nóg vatn í gjám þessum handa fénaðinum, og svo í öðrum smá stöðutjörnum, eins líka þar er grasgefnast utantúns, þó eigi megi hagar heita. Mætti þó halda þar fáum skepnum heima á sumardag, hvað ekki má heita mögulegt á Stað og Húsatóptum."

[5] Ferlir.

[6] Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. Þriðja bindi. Sýslulýsingar og sóknalýsingar

Árið 1847 voru Járngerðarstaðir eign Skálholtsstaðar líkt og flestir betri útvegsbæir á suðurströnd Reykjanesskagans. "Selstöðu hefur jörðin og brúkar þar sem heitir Baðsvellir. Hjáleigur eru; Vallarhús, Lambús, Kvíhús, Hrafnshús, Akurhús, Gjáhús, Krosshús, Garðhús og Hlaðhús. Búðir til forna voru; Gullekra (tómthús), Krubba (tómthús) og Litlu-Gjáhús, skv. Jarðabók Árna Magnússonar 1703. Þá var "heimræði árið um kring og lending í betra lagi. Engvar öngvar. Jörðin nær frá sjó upp til fjalls eins og önnur býli hér."

Elsta úttekt bæjarins er af Vesturbænum frá 1882. Þar voru þá baðstofa, göng, bæjardyr, skáli, eldahús, búr í norðurenda baðstofu, fjós með 3 básum, hesthús fyrir 3 hesta, heyhús, smiðja, sjómannabúð, fiskhjallur, húsagarður með bæjarrönd, túngarður 160 fðm, traðargarður 85 fðm og kálgarður. Fyrir sumu þessu mótar fyrir enn í dag.

Mynd 7. Heyskapur á túnum Gjáhúsa og Krosshús um 1930. Mynd: Sædís Eygló G. Hansen.

Þróun byggðarinnar í Járngerðarstaðahverfi hefur einkennst mjög af atvinnuháttum og landfræðilegum aðstæðum. Árið 1925 gerði mikið sjávarfljóð í Grindavík er eyðilagði mörg hús og skemmdi stórkostlega uppsátrið í annarri vörinni og eyðilagði hina að mestu. Fram til þess tíma bjuggu margir í torfhúsum sem skemmdust í flóðinu. Mikið af húsum í gamla bænum er byggður á næstu árunum eftir flóðin, 1925-1930. Í Landnámi Ingólfs segir um 1840 "á bæ þessum bagar vatnsleysi til neyslu." En vatn hefur væntanlega ávallt verið verðmæti í Grindavík enda hraunið gljúpt og regnvatn rennur fljótt niður og saltur sjór gengur undir skagann og brim yfir hann og ofanvatn því oft heldur salt. Enda var í Grindavík lengi steypt vatnsþró við hvert hús þar sem regnvatni var safnað. Eftir að vatnsveita kom í bæinn var þessum þróm iðulega breytt í salernisaðstöðu.

Breyttir atvinnuhættir, eftir 1950 þegar útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki eru stofnuð, hafa haft áhrif á heimilishald í Grindavík en smám saman lagðist búfjárhald af á heimilum og útihús grotnuðu því niður eða voru tekin til annarra nota.



Mynd 8. Járngerðarstaðahverfi um 1963.

Skipulagsmál í Grindavík

Á fyrstu áratugum síðustu aldar var Grindavík á mörkum sveitar og þéttbýlis. Árið 1942 fór Guðsteinn Einarsson þáverandi oddviti Grindavíkurhrepps þess á leit að skipulagsuppdráttur yrði gerður af þorpinu á vegum félagsmálaráðuneytis. Erindið var sent til skipulagsnefndar ríkisins sem tók málið í sínar hendur og árið 1944 var fyrsti uppdrátturinn gerður af Grindavík. Vegna erindis nokkurra manna um að byggja sjóhús við höfnina í Hópinu, lagði hreppsnefndin það til við skipulagsstjóra að nýtt skipulag yrði undirbúið. Skipulagsstjóri sendi mann til Grindavíkur til mælinga og setti fram skipulagstillögu þann 12. nóvember 1945. Frekar var unnið að tillögu þessari og árið 1946 gerði Páll Zóphóníasson uppdrátt af Járngerðarstaðahverfi. Gerð skipulagsins dróst á langinn og árið 1948 kusu sveitarstjórnarmenn þriggja manna byggingarnefnd sem tók til skoðunar frumtillögur að skipulagi í Grindavík sem var samþykkt. Á 6. áratug jókst aftur þörfin á skipulagsgerð. Ekki var þó gert nýtt skipulag en þess í stað endurbætti skipulagsstjórn tillöguna frá 1948 árin 1952 og 1958. Tillögurnar voru ekki samþykktar en eftir þeim var þó farið. Á 8. og 9. áratug var stöðugt unnið að skipulagsmálum og var aðalskipulag Grindavíkur samþykkt 15. nóvember 1984. Skipulagið var unnið af Teiknistofu Skipulagsins skv. skipulagslögum nr. 19/1964 og reglugerð um gerð skipulagsáætlana nr. 217/1966. Aðalskipulag Grindavíkur 2000–2020, unnið að Vinnustofunni Þverá ehf, tók gildi árið 2002.

Svæðisskipulag, unnið af Verkfræðistofu Suðurnesja, var gert fyrir Suðurnesin og var samþykkt 30. nóvember 1989 og var skipulagstímabil þess frá 1987-2007. Rétt er að geta þess að sveitarfélagið var ekki bundið af þeirri landnotkun sem ákvörðuð var í Svæðisskipulagi Suðurnesja þar sem það var ekki staðfest af ráðherra. Nú er í vinnslu nýtt svæðisskipulag Suðurnesja með þátttöku Grindavíkurbæjar, en aðrir þátttakendur í gerð þess eru

nágrannasveitarfélögin Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Keflavíkurflugvöllur OHF og Varnarmálastofnun Íslands.

Svæðisskipulag þetta tekur mið af gildandi aðalskipulagi Grindavíkur frá 2000–2020, þó ýmsar mikilvægar breytingar séu gerðar s.s. í framhaldi af auðlindastefnu bæjarins, nýtingu orkuauðlinda og breyttrar vatnsverndar.

Annáll skipulagsmála Grindavíkur:

1944 Uppdráttur skipulagsnefndar ríkisins samþykktur af hreppsnefnd Grindavíkur.
1945 Uppdráttur gerður um hugsanlegt skipulag gatna vegna fyrirhugaðrar byggingar sjóhúss í Hópinu.
1947 Þórkötlustaðahverfi mælt og kortlagt.
1948 Uppdráttur Páls Zóphóníassonar af Járngerðarstaðahverfi.
1948 Byggingarnefnd samþykkir frumtillögur að skipulagi í Grindavík.
1948 Hreppsnefnd Grindavíkur fær sendar frumtillögur að skipulagi Þórkötlustaðahverfis.
1952 Tillaga skipulagsstjórnar endurskoðuð en ekki samþykkt þó að eftir henni hafi verið farið.
1958 Önnur endurskoðun skipulagsstjórnar sem ekki var samþykkt þó henni hafi verið fylgt.
1962 Bæjarstæðið tekið eignarnámi og skipulagssvæði þ.m. aukið án þess að uppdráttur væri samþykktur.
1984 Aðalskipulag Grindavíkur 1983 - 2003, staðfest 15. nóv. 1984.
1989 Svæðisskipulag Suðurnesja 1995 - 2005 samþykkt (er óstaðfest).
1991 Viðauki við aðalskipulag Grindavíkur 1990 - 2010, staðfest 25. nóv. 1991.
1994 Viðauki við aðalskipulag Grindavíkur 1990 - 2010, staðfest 16. nóv. 1994.
1997 Grindavík, viðauki við aðalskipulag 1990 - 2010, staðfest 30. des. 1997.
2000 Nýtt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi í Grindavík.
2000 Breyting á staðfestum viðaukum við aðalskipulag Grindavíkur 1990 - 2010.
2001 Breyting á aðalskipulagi Grindavíkur 1983 - 2003 (vegna nýrra brimvarnargarða og efnistöku).
2002 Aðalskipulag Grindavíkur 2000–2020, samþykkt í bæjarstjórn 30.05.2002, staðfest af umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttur 17.12. 2002.

Mynd 9. Uppdráttur af Grindavík árið 1946.

3 Varðveislumat

Hús sem könnunin nær til:

Hús	Heiti	Byggingarár	Friðað vegna aldurs	Hús byggð fyrir 1926	Áhugaverð hús sem ber að kanna	Athugasemdir HS.
Dalbraut 1	Þrúðvangur	1952				
Dalbraut 3		1962				
Dalbraut 5	Eyri	1962				
Dalbraut 7	Stapafell	1958				
Hafnargata 2	Vinaminni	1947				
Hafnargata 4	Hrafnabjörg	1947				
Hellubraut 1	Baldurshagi	1956				
Hellubraut 2	Pálshús	1955				Ekkert sýnilegt af húsinu frá 1925. Áhugaverð saga.
Hellubraut 3	Litlu Krosshús	1935				Í núverandi mynd frá 1958. Ekkert sýnilegt af húsinu frá 1935
Hellubraut 4	Hellur	1920				Meðal elstu húsa bæjarins. Lögun hússins að nokkru upphafleg. Skoðist nánar.
Hellubraut 6	Sóheimar	1935				Í núverandi mynd frá 1950. Óvíst um leifar hússins frá 1935.
Hellubraut 8	Ártún	1957				
Kirkjustígur 1	Garðshorn	1930				Áhugaverð saga, upphaflega verbúð.
Kirkjustígur 1A	Kirkjan	1909				
Kirkjustígur 3	Tröð	1930				Áhugaverð saga, upphaflega verbúð.
Kirkjustígur 5	Sjávarhólar	1926				
Kirkjustígur 7	Akurhóll	1925				Áhugaverð saga. Endurbyggt 1953 en lögun að nokkru leyti óbeytt.

Kirkjustígur	Eiði	1917				Húsið var rifið milli 1950 og 60. Nafnið ætti að fá að lífa áfram.
Sunnubraut 1	Helgafell	1949				
Sunnubraut 2	Blómsturvellir	1935				
Sunnubraut 3	Laufás	1954				
Sunnubraut 4	Efri-Baldurshagi	1930				
Sunnubraut 5	Jaðar	1951				
Sunnubraut 6	Sólvellir	1935				
Sunnubraut 7		1997				
Sunnubraut 8	Björk	1954				
Vesturbraut 1	Borgargarður	1929				Húsið endurbyggt eftir bruna 1948. Líklega lítil ummerki eftir frá upphaflega húsinu frá 1929.
Vesturbraut 2	Þorvaldsstaðir	1924				Merkileg saga. Lögun hússins lítið breytt frá gamalli tíð. Vert að kanna nánar.
Vesturbraut 3	Hvoll	1940				
Vesturbraut 4	Hamraborg	1930				Teiknað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Mjög merkileg saga. Sjá skráningarblað hússins.
Vesturbraut 6		1966				
Vesturbraut 8	Krosshús	1929				Mjög sérstakt hús. Áhugaverð saga. Sjá skráningarblað hússins.
Vesturbraut 8A		1984				
Vesturbraut 10	Garðhús	1914				Mjög sérstakt hús. Listrænt gildi mikið. Áhugaverð saga sem tengist sögu Grindavíkur í heila öld. Sjá skráningarblað hússins.
Vesturbraut 12	Valdastaðir	1926				Hluti af heild sem ber að vernda.
Vesturbraut 14	Járngerðar-staðir, Austurbær	1924				Hluti af heild sem ber að vernda.

Vesturbraut 15		1968				
Vesturbraut 16	Járngerðarstaðir, Vesturbær	1890				Hluti af heild sem ber að vernda.
Vesturbraut 17		1966				
Við Verbraut	Vík	1966				
Við Verbraut	Garður	1932				Meðal eldri húsa bæjarins. útlit lítið breytt.
Við Verbraut	Hlið	1912				
Víkurbraut 1	Varir	1974				
Víkurbraut 2	Flaggstangarhús/Flagghús	1890				Mikilvægt að þetta hús verði kannað nánar Sbr. athugasemd á skráningarblaði um aldur hússins.
Víkurbraut 3						
Víkurbraut 5	Sæból	1928				Meðal elstu húsa. Lögun og útlit lítið breytt.
Víkurbraut 6	Sjólyst	1915				Húsið hefur verið rifið. Lóðin er enn til og heitið Sjólyst ætt að fá að lifa áfram.
Víkurbraut 7	Litla- Gimli	1922				Meðal elstu húsa bæjarnins. Með brotnu þaki. lögun líklega upphafleg.
Víkurbraut 8	Neðri -Grund	1930				Húsið er meðal eldri húsa. Lögun að nokkru leyti upphafleg.
Víkurbraut 9	Stóra-Gimli	1907				Meðal elstu húsa. Útlit mikið breytt en vera kanna ð kjarni upphaflega hússins sé enn til staðar.
Víkurbraut 9A	Fjósið	1904				
Víkurbraut 10	Vorhús	1925				Meðal elstu húsa Grindavíkur. Lögun og útlit lítið breytt.
Víkurbraut 11	Mánaborg	1912				Húsið hefur verið rifið. Lóðin er enn til og heitið Mánaborg ætti að fá að lifa áfram.
Víkurbraut 12	Rafstöðvar-húsið, Smiðjan	1926				Meðal elstu húsa bæjarins. Merkileg saga. Húsið mikið breytt.
Víkurbraut 13	Karlsskáli	1923				Meðal elstu húsa. Lögun og útlit lítið breytt.
Víkurbraut 14	Hlöllabúð	1939				

Víkurbraut 14A	Litla Grund	1960				
Víkurbraut 15	Brimnes	1930				Meðal gamalla húsa bæjarins. Lítið breytt.
Víkurbraut 16A	Barnaskólinn					Húsið var rifið fyrir 1965.
Víkurbraut 17		1965				
Víkurbraut 18	Borgartún	1953				
Víkurbraut 19	Bræðraborg	1928 eða 1931				Meðal gamalla húsa bæjarins. Lítið breytt.
Víkurbraut 20	Ás	1927				Meðal gamalla húsa bæjarins en lögun þess og útlit mikið breytt.
Víkurbraut 20A	Dúddasjoppa	1957				
Víkurbraut 21	Kvennó, Samkomuhús	1930				Meðal gamalla húsa bæjarins. Saga þess er merkileg. Saga Kvenfélags Grindavíkur tengist húsinu mjög.
Víkurbraut 21A	Hraunteigur	1930				Meðal gamalla húsa bæjarins. Lögun þess og útlit mikið breytt.
Víkurbraut 22	Ásgarður	1926				Meðal elstu húsa bæjarins. Lögun þess lítið breytt.
Víkurbraut 23	Hólar (Utan marka svæðisins)	1938				
Víkurbraut 24	Múli	1935				
Víkurbraut 26	Skálholt	1932				Ef til vill fyrsta „funkis“ húsið í Grindavík.
Víkurbraut 28	Berg	1946				
Garðvegur	Akur	1950				Meðal elstu húsa bæjarins. Mikið breytt en þó sennilega upphaflegur kjarni í húsinu.
Víkurbraut	Steinar	1920?				Upphaflega byggt skömmu eftir 1920. Síðar stækkað og því breytt nokkuð. Kanna þarf nánar.
Víkurbraut	Lundur	1967				
Garðvegur	Bjarg	1933				
Garðvegur	Steinar	1952				
Garðvegur	Kreppa	1930				

Garðvegur	Garðar					Húsið hefur verið rifið. Lóð þess er auð. Nafnið ætti að fá að lifa áfram.
Garðvegur	Bakki	1921				Meðal elstu húsa bæjarins. Óvíst um ástand og upprunaleika.
	Sjólyst					Húsið horfið en lóðin er til. Nafnið ætti að fá að lifa áfram.
	Mánaborg					
	Hæðarendi	1904				Húsið hefur verið rifið. Lóð þess er auð. Nafnið ætti að fá að lifa áfram.
	Byggðarendi	1904				Húsið hefur verið rifið. Lóð þess er auð. Nafnið ætti að fá að lifa áfram.
	Hraungerði	Um 1930				Húsið hefur verið rifið. Lóð þess er auð. Nafnið ætti að fá að lifa áfram.
	Gestahúsið Garðhús	fyrir 1900				Með elstu húsum bæjarins. Kanna þarf nánar sögu og gerð þess. Húsið er nú utan þess svæðis sem húsakönnunin nær til.

Niðurstöður

Á svæðinu eru 7 hús sem eru friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar. Þeim má ekki breyta né rífa án samþykkir Minjastofnunar Íslands. Að auki eru önnur sjö hús sem byggð voru fyrir 1926, en um þau gildir að skylt er að leita álits Minjastofnunar Íslands ef eigendur hyggjast breyta þeim. Öll þessi hús þyrfti að kanna nánar til að ganga betur úr skugga um minjagildi þeirra. Auk þessara 15 húsa er lagt til að 12 hús sem eru meðal elstu bygginga bæjarins verði skoðuð nánar með tilliti til minjagildis og upprunaleika.

Yfirbragð byggðarinnar

Fram um aldamótin 1900 einkenndist byggðin í Járngerðarstaðahverfinu af smábýlum, hjáleigum og tómthúsum. Heimamenn stunduðu sjómennsku en lifðu auk þess af landbúnaði í smáum stíl. Bæirnir voru úr torfi og grjóti eins og víðast hvar annar staðar á landinu, útihús úr torfi voru við alla bæi, mismörg eftir aðstæðum og grjótgarðar voru um tún bletti og matjurtagarða. Helst voru það hjallar sem voru timbri. Byggðin var ekki skipulögð, en nokkuð þéttbýlt var, byggðahverfi kallað.

Engin hús eru enn uppi standandi frá þessu tímaskeiði, en lóðaskipan á svæðinu sem húsakönnunin nær til á rætur sínar að nokkru leyti til þessa tíma, og víða sér móta fyrir rústum garða. Einkum er það syðsti hluti svæðisins milli Víkurbrautar, Garðvegs og Ægisgötu, sem ber keim af óreglulegri byggð fyrri tíma. Einnig byggingar Járngerðarstaða og Garðhúsa auk byggðar milli Kirkjustígs og Víkurbrautar.

Þegar dró að aldamótunum 1900 fóru timburhús að leysa torfhúsin af hólmi og þeim fjölgaði töluvert á fyrstu áratugum 20. aldar. Frá því skeiði eru allmörg hús, en meðal þeirra elstu eru Vesturbær Járngerðarstaða, Gimli og Flaggstangarhúsið. Af byggingum þessa tímaskeiðs skera Garðhús sig úr. Þau eru stórt og glæsilegt steinsteypuhús sem bera vott um metnað og getu sem á engan sinn líkan í Grindavík þess tíma.

Breyting virðist hafa orðið á skipan byggingarmála þegar kom fram um 1930. Þá virðist sem meiri regla hafi smám saman komist á húsbyggingar í Grindavík enda þó formlegur skipulagsuppdráttur hafi ekki verið gerður fyrr en 1946. Húsaskipan við austurhluta Vesturbrautar, og við Hellubraut er að mestu frá þessum tíma. Skipulagslög voru sett árið 1921 og skipulagsnefnd ríkisins sett á fót til þess að annast gerð skipulagsuppdrátta fyrir þéttbýli. Enda þótt Grindavík hafi ekki verið skipulagsskyld á þessum tíma verður ekki betur séð en ráðamenn sveitarfélagsins hafi fylgt tíðarandanum og leitast við að koma reglu á byggingar- og skipulagsmálin.

Krosshús og Hamraborg við Vesturbraut eru glæsilegustu hús þessa tímaskeiðs en þau eru steinsteypt og bera með sér klassískt svipmót sem á skylt við fallegustu steinsteypuhús í Reykjavík frá sama tíma.

Byggingar við Sunnubraut og Dalbraut risu flestar eftir að skipulagsuppdráttur hafði verið gerður en jafnframt má glöggt sjá að klassískar fyrirmyndir hafa vikið fyrir módernismanum.

Flest þeirra húsa sem risu á fyrstu áratugum 20. aldar hafa gengið í gegnum miklar breytingar. Mörg þeirra hafa stækkað með viðbyggingum og útlit flestra hefur tekið stakkaskiptum með nýjum byggingartískum. Smárúðugluggar hafa víða vikið fyrir stórum glergluggum, viðbyggingar bera svipmót síns tíma og oft er lögun þeirra af öðrum meiði en hins upprunalega húss. Í fáeinum tilvikum hafa hús frá öðrum og þriðja áratug 20. aldar horfið inn í nýrri hús sem byggð voru utan um húsið sem síðan var rifið að miklu leyti.

Æskilegt er að sýnileg merki um byggingarsögu svæðisins verði í framtíðinni sem skýrust. Merki um 19. aldar söguna eru helst fólgin í lóðaskipan og tóftum horfinna húsa og rústum garða. Einnig má telja til heiti húsa, sem er arfur frá 19. öld og byrjun þeirrar 20. Æskilegt er að þeirri hefð verði áfram fylgt og ný hús sem byggð verða á lóðum þeirra sem nú eru horfin haldi nöfnum þeirra. Einnig að hús sem byggð verða á nýjum lóðum fái heiti sem styðji hefðina, annað hvort af þekktum kennileitum eða horfnum húsum eða ný nöfn í anda hefðarinnar.

HEIMILDIR

- Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030.
- Ferlir.is, heimasíða Ferlis, Ferðahóps Rannsóknardeildar Lögreglunnar í Reykjavík.
- Jón J Aðils. 1919. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787*. 2. útg. Reykjavík, Heimskringla, 1971.
- Jón Þ. Þór og Guðfinna Hreiðarsdóttir. 1996. *Saga Grindavíkur 1800 – 1974.* Grindavíkurbær.
- *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess. Þriðja bindi. Sýslulýsingar og sóknalýsingar*. Reykjavík. Félagið Ingólfur,1935-1939.
- Sigfús Haukur Andrésson. 1988. *Verslunarsaga Íslands 1774 – 1807*. Verzlunarráð Íslands, Fjölsýn.
- Zóphónías Pálsson. 1990. *Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarsfélögum 1938-1988*. Skipulag ríkisins.
- Ægir, 22. árgangur 1929. 2. tbl. *Grindavík.*

VIÐAUKI I

SKÝRINGARMYNDIR

HÚSAKÖNNUN

Deiliskipulagssvæðið er eitt af elstu svæðum bæjarins og skv. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal vinna húsakönnun fyrir þegar byggð svæði. Hús voru skráð niður svo unnt væri að meta varðveislugildi þeirra skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru sjö hús friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar. Þeim má ekki breyta né rífa án samþykkis Minjastofnunar Íslands. Að auki eru önnur sjö hús sem byggð voru fyrir 1926, en um þau gildir að skylt er að leita álits Minjastofnunar Íslands ef eigendur hyggjast breyta þeim. Þessi hús þyrfti að kanna nánar til að ganga betur úr skugga um minjagildi þeirra. Auk þessara fjórtán húsa er lagt til að önnur tólf hús sem eru meðal elstu bygginga bæjarins verði skoðuð nánar með tilliti til minjagildis og upprunaleika. Sjá má í lóðatöflum á skipulagsuppdrætti og á skýringarmynd hér til hliðar hvaða hús þetta eru.

Æskilegt er að sýnileg merki um byggingarsögu svæðisins verði í framtíðinni sem skýrust. Merki um 19. aldar söguna eru helst fólgin í lóðaskipan og tóftum horfinna húsa og rústum garða. Einnig má telja til heiti húsa, sem er arfur frá 19. öld og byrjun þeirrar 20. Æskilegt er að þeirri hefð verði áfram fylgt og ný hús sem byggð verða á lóðum þeirra sem nú eru horfin haldi nöfnum þeirra. Einnig er æskilegt að hús sem byggð verða á nýjum lóðum fái heiti sem styðji hefðina, annað hvort af þekktum kennileitum, horfnum húsum eða ný nöfn í anda hefðarinnar.



Gamli bærinn í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Hús 100 ára og eldri
- Hús byggð fyrir 1926
- Hús byggð 1926-1950
- Hús byggð 1951 og seinna
- Afmörkun skipulags



GRINDAVÍK

GAMLI BÆRINN
HÚSAKÖNNUN

Heiti og byggingarár húsa			Útgáfa V01
Húsakönnun.dgn	Mælikvarði 1:2000	Blaðstærð A3	Teikning nr. 004
Unnið fyrir Grindavíkurbæ		Dags. 21.05.2015	Teiknað af ÞRS

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Elstu húsin í gamla bænum

Vesturbær, byggður 1890

Flagghús / Flaggstangarhús byggt 1890



Gamli bærinn í gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Friðuð hús
- Hús byggð fyrir 1926
- Áhugaverð hús sem ber að kanna
- Afmörkun skipulags

Ægisgata
Vikurbraut
Dalbraut
Sunnubraut
Hellubraut
Vesturbraut
Verbraut
Kirkjustígur
Garðsvegur
Sjávarbraut
Verbraut 1

GRINDAVÍK

GAMLI BÆRINN
HÚSAKÖNNUN

Friðuð hús			Útgáfa V01
Húsakönnun.dgn	Mælikvarði 1:2000	Blaðstærð A3	Teikning nr. 005
Unnið fyrir Grindavíkurbæ		Dags. 21.05.2015	Teiknað af ÞRS

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

VIÐAUKI II

HÚSASKRÁNING

Fyrsti eigandi Kristinn Guðmundsson og Jórmundur Kristinsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun

2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft

Helstu breytingar

1960 Bílskúr

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið var byggt af Kristni Guðmundssyni, Þuríði Jónsdóttur og syni þeirra Jórmundi. Þegar þeir Kristinn og Jórmundur byggja húsið var búið að byggja grunninn af húsinu. Jórmundur bjó í austur enda hússins og Kristinn í þeim vestari.
Við húsið stendur gamalt tundurdufl sem var notað sem olíutankur þegar olíukynding var í húsinu.
1946 stóð þarna grunnur, steypt vatnsþró og leyfar af vindmyllu. Í því húsi bjó einn af stofnendum verkalýðsfélags Grindavíkur. Þau hjónin hröktust í burtu frá Grindavík vegna þess.

Varðveislumat

Byggingarlist

Menningarsögulegt gildi

Umhverfisgildi

Upprunaleiki

Ástand

Varðveislugildi

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Runólfur Hannesson og Helga Kristinsdóttir

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun

Upphafleg gerð húss

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Saga

Þarna lá áður gata í gegnum lóðina og þess vegna var hún auð. Húsbyggjendur stóðu sjálfir í því að teikna skipulag götunnar og lögðu til nafn á henni. Skipulagið fengu þau samþykkt hjá Skipulagsstjóra ríkisins og oddvitanum Svavari Árnasyni.

Varðveislumat

Byggingarlist

Menningarsögulegt gildi

Umhverfisgildi

Upprunaleiki

Ástand

Varðveislugildi

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Johan Johansen og Helga Aðalgeirsdóttir

Upphafleg notkun Íbúðarhús

Hönnun

Upphafleg gerð húss

Tegund	Hlaðið úr holsteini
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Byggt af Johan Johnsyni 1956. Hann flutti inn í húsið í ágúst 1958 ásamt fjölskyldu sinni. Kona hans var Helga Aðalgeirsdóttir frá Krosshúsum.

Varðveislumat

Byggingarlist

Menningarsögulegt gildi

Umhverfisgildi

Upprunaleiki

Ástand

Varðveislugildi

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi Þórólfur Sveinsson og Alma Norman

Upphafleg notkun

Hönnun

Upphafleg gerð húss

Tegund	Hlaðið úr holsteini
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Risþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Ris

Helstu breytingar

Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Saga

Þórólfur og Alma komu frá Skagaströnd.
Húsið var byggt á árunum 1958-1961. Húsið var vel einangrað og lagði Þórólfur m.a. miðstöðina sjáfur í húsið með "fittings" og múraði inn í vegginn, sem var nýjung á þessum tíma.

Varðveislumat

Byggingarlist

Menningarsögulegt gildi

Umhverfisgildi

Upprunaleiki

Ástand

Varðveislugildi

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki gerð sérstök tillaga um verndun húss

Fyrsti eigandi

Hönnun

Upphafleg notkun Íbúðarhús



2013

Upphafleg gerð húss

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteyptar
Útlit	Einlyft Ris Útskot

Helstu breytingar

Gluggabreyting

Ný klæðning

Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Saga

Einar G. Einarsson lét byggja húsið trúlega upp úr 1920 fyrir vermenn.
